

Sprotasjóður lítur dagsins ljós

„Það eru mörg tækifæri hér fyrir fólk til að gera stórkostlega hluti. Nú verður byggt upp fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf til framtíðar,“ segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auður Capital.

Auður Capital og tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir kynntu í fyrradag sjóð sem mun fjárfesta í íslenskum sprotafyrirtækjum með vaxtarmöguleika.

Auður Capital hefur þegar lagt til hundrað milljónir króna en vonast er til að fagfjárfestar, lífeyrissjóðir, jafnt sem áhugasamir einstaklingar leggi í hann það sem upp á vantar. Stefnt er að því að á annan milljarð króna verði í sjóðnum þegar upp verður staðið.

Halla segir sjóðinn hafa verið lengi í bígerð. Tækifærið hafi



HALLA TÓMASDÓTTIR

komið í kjölfar Neista, samstarfsverkefnis Bjarkar, háskóla-samfélagsins og ýmissa srotafyrirtækja í kjölfar bankahrunsins.

„Við sáum að við deildum þeirri sýn með Björk að vilja byggja upp fjölbreytt og áhuga-verðara Ísland,“ segir Halla og bætir við að fram undan sé að velja góð og græn fyrirtæki og fjárfesta í þeim.

Sjóðurinn heitir í höfuðið á tónlistarkonunni. Er þar ekki síður vísað til trésins óhagganlega sem stendur næstum allt af sér. -jað



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Auður Capital hefur stofnað sjóð sem heitir jafnt í höfuðið á tónlistarkonunni og trénu óhagganlega.

